

Hjálmar Edwardsson
Skólavörðustígur 29
Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Hella 8. júní 2017
UST201705-264/H.Á.
09.08.02

Efni: Akstur utan vega

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Comrade film, dags. 30. maí 2017, um leyfi til að aka utan vega við rætur Heklu í Rangárþingi Ytra í fjóra daga á tímabilinu 14. júní til 1. júlí nk. vegna ljósmynda- og kvikmyndtöku. Einnig er sótt um leyfi til þess að aka utan vega í einn dag á tímabilinu 9 – 13. júní nk. vegna prufu fyrir kvikmyndatöku.

Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða gerð bifreiðaauglýsingar þar sem verður sett upp sviðsmynd og ekið á svæðinu þar í kring. Áætlað er að við þetta verkefni starfi 60-70 manns. Reiknað er með fjórum tækjatrúkkum, eldhúsbíl, tveimur rútum, 10-12 jeppum og fjórum sexhjólum. Fram kemur í erindi umsóknaraðila að allur akstur eigi að fara fram á sandi og að ekki er gert ráð fyrir að þegar tókum og frágangi er lokið að nein varanleg ummerki muni sjást. Til þess að afmá hjólför eftir utan vega akstur er gert ráð fyrir að nota tvo slóða aftan í sexhjólum eða sambærilegum tækjum ásamt því að hafa mannskap með kústa og hrifur til að afmá ummerki. Áætluð vegalengd til aksturs utan vega er 3 km. Fram kemur í erindi að ekki verði kvikmyndað bíla þannig að það sýni akstur utan vega. En gert er ráð fyrir að ljósmynda bíl standandi á sandi utan vega.

Í rökstuðningi umsóknaraðila fyrir nauðsyn þess að aka utan vega segir: „*Það sem leitað er eftir er það að geta tekið upp í nægjanlega miklum halla og með rétta áferð á sandi í kring svo að útlitið á tókunum passi við handritið. Það er búið að leita mikið að rétta staðnum*“.

Meðfylgjandi umsókn er kort af svæðinu og nákvæm staðsetning á tókustöðum þar sem óskað er eftir leyfi til aksturs utan vegar. Landvörður Umhverfisstofnunar fór með umsóknaraðila á staðina sem óskað er eftir leyfi. Í skýrslu landvarðar eru sýndar myndir af 6 tókustöðum þar sem óskað er eftir að aka utan vega. Á einu þessara svæða sem tilgreint er í skýrslu landvarða (mynd 10 og 11) sem er við veg inn að Heklu, er svæðið sem er nokkuð gróið. Einnig er svæði þar sem sandur er blandaður vikri og myndar munstur í landslagi (mynd 5 og 6).

Áhrifamat:

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vegar. Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndatöku, enda

sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr laganna. Svæðið sem óskað er eftir leyfi til aka utan vegar á er á náttúruminjaskrá (nr. 703).

Umhverfisstofnun telur að utanvegaakstur á svæði sem er við veg sem liggur inn að Heklu, líklegt til að verða fyrir verulegri röskun sem erfitt verður að bæta. Svæðið er að hluta gróð en gróður á þar erfitt uppdráttar en hefur þó náð rötfestu á hluta þessa svæðis. Einnig er í skýrslu tilgreint annað svæði sem er svartur sandur blandaður vikri sem mynda munstur í landslagið. Er það eitt af einkennum svæðisins og telur Umhverfisstofnun að það svæði muni verða fyrir umtalsverðri röskun og taka nokkuð langan tíma að ná fyrra horfi eftir að búið er að afmá för eftir utanvegaakstur.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til þess að aka utan vega á svæðum merktum í skýrslu landvarða á mynd 3, 4, 7, 8, og 9 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókur hefjast og þegar frágangi lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Skila skal inn til Umhverfisstofnunar lokaafurð verkefnisins, þ.e. auglýsingu sem ætlað er að birta á opinberum vettvangi. Stofnunin metur hvort auglýsingin sé í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í leyfisbréfi þessu og áskilur sér rétt til þess að krefjast þess að settur verði inn texti með áberandi hætti í auglýsinga þar sem fram kemur að akstur utan vega sé óheimill á Íslandi.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um utan vega aksturinn að tókum loknum. **Umferð farartækja utan vega takmarkast við það svæði sem tókur fara fram á. Akstur utan vega skal einungis fara fram á ofangreindum svæðum. Einungis skal ekið á svörtum gróðursnaudum söndum á fyrrgreindum svæðum.**
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega nema skv. 1. mgr. 31. laga um náttúruvernd bílbreidd frá vegi ef að veldur ekki náttúruspjöllum eða slysaþættu.
- Koma skal fyrir merkingum við tókustað að um leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Starfsmenn við kvikmyndatöku skulu sjá til þess að vegslóðar sem myndast við utanvegaakstur verði ekki villandi fyrir aðra gesti svæðisins og sjá til þess að óviðkomandi aðilar aki ekki þá vegslóða.
- Gæta skal að mengunarvörnum bifreiða og þess gætt að mengandi vökvar berist ekki í jarðveg.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

Ábendingar

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tókununum. Sækja þarf um leyfi til sveitafélags og landeigenda. Eins þarf umsækjandi að sækja um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir tókunum.

Gjald


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð. Gjaldið er kr. 39.400, sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með framkvæmdinni og frágangi. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nr. 535/2015, 13.200 kr/klst.

Fylgiskjal: Skýrsla landvarðar um fyrirhugaðan akstur við Heklu.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Hákon Ásgéirsson
sérfræðingur

